

Hrönn Jónsdóttir

From: Íris Ellertsdóttir <iris.ellertsdottir@arborg.is>
Sent: þriðjudagur, 10. janúar 2023 18:32
To: Elliði Vignisson; Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Valtýr Valtýsson; Haraldur Þór Jónsson; Hulda Kristjánsdóttir; Geir Sveinsson; Aldís Hafsteinsdóttir; sveitarstjóri@ry.is; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; anton@hvolsvollur.is; Einar Elínarson; sveitarstjóri; Ingibjörg Garðarsdóttir; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps; anton@hvolsvollur.is; Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd; floahreppur; gogg; hruni; hvolsvollur; klaustur; mottaka; myrdalshreppur; olfus; ry; skeidgnup@skeidgnup.is; Rósa Sif Jónsdóttir; Ráðhúspóstur DL
Subject: fundargerðir Bergrisans bs. (tilkynning um auka aðalfund)
Attachments: KJÖRBRÉF Bergrisinn (2).docx; Bergrisinn bs samþykktir.pdf; 48. stjórnarfundur Bergrisans (3).pdf; 47. stjórnarfundur Bergrisans pdf.pdf
Categories: GoPro: Skjalað undir 202209-0023 - Fundargerðir og gögn Bergrisans stjórnar 2022-2026 - Í vinnslu (mál)

Sæl,

Til upplýsinga eru hér fundargerðir Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans hefur samþykkt að boða til aukaaðalfundar Bergrisans þann 20. febrúar næstkomandi klukkan 13-16. Óska ég eftir að sveitarfélögin skipi fulltrúa á fundinn í samræmi við samþykktir og sendi til mín eigi síðar en 30. janúar nk. Mikilvægt er að skrá bæði nafn og netfang

Ég vek athygli á að þjónusturáð Bergrisans hefur komið með tillögu um að þjónustusvæðin þrjú taki afstöðu til þess að mynda samráðshópa vegna málefna fatlaðs fólks á grundvelli félagsþjónustulaga nr.40/1991 en þar segir „ [Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins."

Tillagan er lögð fram þar sem hluti þjónustunnar fer fram á grundvelli áður nefndra laga og er því um grunnþjónustu að ræða sem sveitarfélögin og/eða þjónustusvæðin eru ábyrg fyrir. Jafnframt er þarna tækifæri fyrir sveitarfélögin að fjalla sérstaklega um aðgengismál. Bergrisinn kæmi að samvinnu vegna samráðsins þar sem við á (framkvæmd laga nr 38/2018) ,ákveði sveitarfélögin að leggja í slíkt samráð. Ég vil nefna í þessu samhengi að starfandi er notendaráð fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans og þannig er samráðsskyldum sinnt, en það ráð er sértækt og endurspeglar því ekki þarfir allra notenda og/eða þarfir miðað við það sveitarfélag sem fólk á búsetu í.

Bestu kveðjur,
Íris Ellertsdóttir,
verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks- Bergrisinn bs.
Sími 8391040